

Húsafriðunarsjóður 2016

Umsókn um styrk

Áður en hafist er handa við frágang umsóknar eru umsækjendur hvattir til að kynna sér lög um [verndarsvæði í byggð nr. 87/2015](#), [reglugerð með lögunum](#) og [reglur um úthlutun úr húsafriðunarsjóði](#).

Eyðublaði þessu skal skila inn útfylltu til Minjastofnunar Íslands með tölvupósti á husafriðunarsjodur@minjastofnun.is. Skila þarf inn umsóknum eigi síðar en 17. ágúst 2016. Umsóknir sem berast síðar koma ekki til álita við úthlutun.

Fylla þarf út og senda eyðublaðið á rafrænu formi. Notið nýlega útgáfu af Adobe Reader (nýjustu útgáfu má finna [hér](#)). Ekki er hægt að skila inn handskrifuðum umsóknum. Athugið að fylla út viðeigandi reiti á skilmerkilegan hátt, skortur á upplýsingum getur haft áhrif á mat umsóknar. Aðeins ákveðinn fjöldi orða kemst í reiti umsóknareyðublaðsins. Sé talin þörf á að senda ítarlegri upplýsingar um einstaka liði má senda þær með umsókninni sem viðhengi. Þrátt fyrir að slíkt sé gert þarf einnig að fylla í alla viðeigandi reiti umsóknareyðublaðsins og er þá notast við styttri lýsingar/skilgreiningar þar og vísað í viðhengi vegna ítarlegri upplýsinga.

Vista þarf skjalið í tölvuna áður en byrjað er að fylla það út. Ekki er hægt að fylla skjalið út í netvafra, heldur þarf að gæta þess að það opnast í adobe forritinu áður en útfyllingin er hafin annars vistast breytingarnar ekki.

Apple notendur vinsamlegast athugið: eftir að skjalið hefur verið vistað í tölvuna þarf að fyrst að opna Adobe forritið og opna skjalið í gegnum það áður en hægt er að fylla það út.

Vinsamlega sendið einungis eina umsókn ásamt viðhengjum í hverjum tölvupósti. Ef senda á fleiri en eina umsókn á að senda hverja og eina í sérstökum tölvupósti.

Farið vel yfir athugasemdir/útskýringar við reiti þar sem þær er að finna svo eyðublaðið verði rétt fyllt út. Útskýringar er að finna neðanmáls og birtast þegar mús er rennt yfir svarreiti.

Yfirfarið umsóknina vel áður en hún er send og gætið þess að upplýsingar séu í öllum viðeigandi reitum.

Vakin er athygli á því að gert er ráð fyrir að veittur styrkur verði nýttur fyrir lok árs 2017 og falli niður verði hann ekki nýttur fyrir þann tíma.

1. Heiti verkefnis¹

--

2. Tegund verkefnis sem sótt er um styrk til

Um hvers konar verkefni er að ræða?	
-------------------------------------	--

3. Upplýsingar um umsækjanda/styrkþega²

A. Nafn sveitarfélags			
B. Kennitala ³		C. Númer sveitarfélags	
D. Heimilisfang ⁴			
E. Póstnúmer			
F. Staður			
G. Sími			
H. Tengiliður/ábyrgðaraðili ⁵			
I. Farsími			
J. Tölvupóstfang			
K. Bankareikningur ⁶			

¹ Í vinnuheiti verkefnis komi fram staðsetning, heiti svæðis eða byggðar.

² Hér er mikilvægt að umsækjandi sé sá aðili sem gert er ráð fyrir að styrkur verði greiddur til. Veitt styrkloforð verða skráð á kennitölu umsækjanda og greidd inn á bankareikning á sömu kennitölu.

³ Sleppa skal bandstriki í kennitölu.

⁴ Hér er átt við heimilisfang sem svarbréf á að sendast á.

⁵ Hér er átt við tengilið/ábyrgðaraðila vegna þessa verkefnis.

⁶ Hér er átt við bankareikning þann sem greiða á mögulegan styrk inn á. **Bankareikningurinn þarf að vera á kennitölu umsækjanda, sem gefin er upp í reit 3 B hér að ofan.**

4. Upplýsingar um umsjón með verkefni

A. Yfirumsjón með verkefninu, nafn	
B. Starfsheiti	
C. Menntun og/eða fagleg þekking/reynsla umsjónaraðila	
D. Aðrir þátttakendur í verkefninu (nafn, starfsheiti, menntun/þekking)	

5. Lýsing á verkefni⁷ (mest 2000 slög)

⁷Hér er gert ráð að komi stutt lýsing á þeirri byggð sem tillaga um verndarsvæði nær til og afmörkun hennar. Einnig skal rökstyðja hvers vegna lagt er til að byggðin verði gerð að verndarsvæði og hvernig gera má ráð fyrir að byggðin eigi eftir að þróast. Líta skal til allra umhverfispátta, m.a. húsagerða og byggingarefnis, lóða og garða, gangstétta, umferðarmannvirkja, fornleifa, hvort byggðin beri yfirbragð ákveðins tímabils í byggingarsögunni, hvort byggja megi ný hús og hvernig fella eigi þau að núverandi byggð.

6. Verkáætlun (mest 2000 slög)⁸

Skjal sótt af '000000000000' dags: 25.03 2026

⁸ Hér skal gera grein fyrir verklagi við vinnslu tillögu um verndarsvæði, hverjir koma að þeirri vinnu, hvernig verkaskiptingu þeirra er háttað og hver stjórnar verkinu. Koma þarf fram áfangaskipti verksins og heildartímaáætlun þess auk skýrrar tímaáætlunar um þá verkþætti sem er um til að vinna nú.

7. Kostnaðaráætlun⁹

Heiti verkþáttar:	Upphæð:
Verkáætlun	
Gagnaöflun	
Vinnsla kortagagna	
Myndefni	
Fornleifaskráning	
Húsakönnun	
Samráð við íbúa	
Annað:	
Tillaga að verndarsvæði með greinargerð	
Samtals allir verkþættir	

8. Fjármögnun verkefnis

Eigið framlag	
Aðrir styrkir/framlög frá öðrum en húsafriðunarsjóði:	
Styrkur sem sótt er um nú í húsafriðunarsjóð	
Samtals fjármögnun	

Athugið að samtala (samtals fjármögnun) skal stemma við samtölu í lið 7.

⁹ Hér er gert ráð fyrir að skráð sé ein upphæð fyrir hvern verkþátt, en **nauðsynlegt** er að í fylgiskjali komi fram nánari sundurliðun kostnaðar við hvern lið þar sem fram komi m.a. kostnaður við vinnu, efni, tæki og ferðir. Einungis skal gerð grein fyrir kostnaði við þá verkþætti sem sótt er um til nú.

9. Upptalning á viðhengjum og lýsing á innihaldi þeirra**10. Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri (mest 1200 slög)**

Vinsamlega yfirfarið umsóknina vel áður en hún er send. Gæta þarf þess að upplýsingar séu í öllum viðeigandi reitum og að kostnaðaráætlun sé greinargóð.

Sé umsókn ekki skilmerkilega fyllt út eða vanti umbeðnar upplýsingar verður ekki hægt að taka afstöðu til hennar.